

Mannvit hf.
Haukur Einarsson
Urðarhvarf 6
203 Kópavogi

Reykjavík 16. nóvember 2020

Efni: Mat á umhverfisáhrifum vegna vindmyllugarðs í landi Grímsstaða í Meðalandi, Skaftárhreppi.

Í drögum að matsáætlun þá er ýtarlega farið yfir þær rannsóknir og aðferðafræði sem á að nota við að meta möguleg áhrif á fugla á svæðinu. Við fögnum því. Það sem við viljum þó gera athugasemdir við er tímaramminn, því ekki er víst að tímabundnar mælingar sýni hvað muni gerast við sértækar aðstæður eins og þegar það er þoka á svæðinu eða umferð fugla er mikil en þarna má gera ráð fyrir mikilli umferða álfra og gæsa. Einnig þarf að hafa í huga að margir fuglar forðast að verpa nærri vindmyllum og við spyrjum hvernig þið ætlið að meta þann þátt¹. Þetta á við ábyrgðartegundir úr hópi mófugla.

Spurningar og athugasemdir við drög að tillögu um matsáætlun

Í tímaáætlun matsvinnu segir að matskýrsla til Skipulagsstofnunar verði tilbúin í september 2021- og spyrjum við hvort þetta sé raunhæf áætlun?

Við viljum benda á að 2 km „sýnileiki“ í sjónarhólsaðferðinni er algjörlega óraunhæft viðmið. Jafnframt þá efumst við um að hægt sé að safna nægum gögnum við talningar af 15 1 km löngum sniðum til að meta þéttleika mófugla með nokkru öryggi.

Í töflum 5.2 og 5.3 eru ráðgerðar fuglaathuganir í júní fram í október 2020 og spyrjum við þá hvort þessar rannsóknir sé hafnar?

Sama spurning á við kafla 5.5.2.4- en þar er sagt að athuganir hefjist í september 2020.

Þar sem farflug frá Íslandi hefst að einhverju leyti í júní, þó að í ágúst og september sé mesta umferðin, er mikilvægt að ratsjárathuganir hefjist snemma. Ef taka á eina viku í hverjum mánuði af þriggja mánaða rannsóknartíma á farflugi, til að gera athugun á flughæð, þá er ekki hægt að tala um lóðréttar og láréttar athuganir séu gerðar samtímis, en mikilvægt er að gera athuganirnar á báðum

¹ <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/j.1365-2664.2009.01715.x>



Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Þáttum samtímis yfir aðal fartímann því tegundirnar eru mismunandi. Ekki síst mikilvægt vegna þess hve stórir fuglastofnar fara þarna um.

Við vildum svo sjá ýtarlegri útlistun á hvað nákvæmlega gerist eftir líftíma fyrirhugaðs vindorkugarðs. Hver beri ábyrgð, og hvernig sú framkvæmd komi til með að verða.

Annað sem þarf að koma fram er hve mikið land fer undir malarveg, það svæði er frá okkar sjónarhorni ónýtt svæði.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri